

LÖG

um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 6. gr. laganna:

- a. 1. másl. fellur brott.
- b. Orðin „að öðru leyti“ í 2. másl. falla brott.

2. gr.

5. másl. 8. gr. laganna verður svohljóðandi: Stefnt skal að því að nefndin ljúki verkinu á árinu 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Gjört á Bessastöðum, 12. apríl 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.